# Fundargerð

Samstarfsnefnd - Eiríksgötu 5, R.vík - kl. 13:00

Þroskaþjálfafélag Íslands **Dagsetning:** 11.05.2018

## Fundarmenn

F.h. félags: Laufey Gissurardóttir formaður, Anna Lilja Magnúsdóttir og Íris Dögg Sigurðardóttir
F.h. LSH: Aldís Magnúsdóttir, Bergþór Haukdal Jónasson og Anna Dagný Smith

## Fundargerð

F.h. félags: Laufey Gissurardóttir formaður, Anna Lilja Magnúsdóttir og Íris Dögg Sigurðardóttir
F.h. LSH: Aldís Magnúsdóttir, Bergþór Haukdal Jónasson og Anna Dagný Smith

Fyrir fundinum liggja ný drög að stofnanasamningi dags. 11.05.2018.
Staðfesting hefur borist frá kjara- og mannauðssýslu ríkisins þess efnis að fallist hafi verið á ósk félagsins um að pottur, kr. 2.298.123 sem samið var um í kjarasamningi félagsins í febrúar 2018, bókun 6, skuli að öllu leyti fara til hækkunar félagsmanna á Landspítala.
HLÉ

Nýr stofnanasamningur undirritaður.

<u>Afturvirkni</u>
Aðilar eru sammála um að framkvæma afturvirkar launahækkanir með eftirfarandi hætti:
1. Hækkun samkvæmt 2.gr. gerðardóms v. BHM 2015, frá og með 01.06.2016 til og með 31.12.2017, verður framkvæmd með eingreiðslu sem reiknuð er miðað við 1,65% hækkun heildarlauna á tímabilinu og skipt jafnt milli starfsmanna miðað við starfstíma og starfshlutfall á tímabilinu.
2. Hækkanir sem leiða af breytingum á nýjum stofnanasamningi, dags. 11.05.2018 koma til framkvæmda miðað við 01.01.2018, sbr. bókun 6 með kjarasamningi Þroskaþjálfafélags Íslands og ríkisins dags. 05.02.2018. Leiðrétting þessi verður framkvæmd með eingreiðslu til handa hverjum og einum starfsmanni.

<u>Starfsþróun</u>
Aðilar eru sammála um að hefja vinnu við að setja viðmið vegna starfsþróunar m.a. til nánari launaákvörðunar innan starfaflokka.

Fleira ekki rætt